

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. nóvember 2025 í máli nr. 34/2025

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 19. mars 2025 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að rafmagnshlaupahjól sem hann keypti af varnaraðila hafi verið haldið galla við kaupin og krefst nýrrar afhendingar. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi, dags. 28. mars 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör bárust frá varnaraðila þann 7. apríl 2025. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum varnaraðila bárust 10. sama mánaðar. Engar frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, andsvör og athugasemdir sóknaraðila, staðfesting á greiðslu, myndband sóknaraðila, tvær ljósmyndir varnaraðila af hlaupahjólinu og ábyrgðarskilmálar varnaraðila.

Með bréfi, dags. 10. nóvember 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á rafmagnshlaupahjóli af gerðinni [...] af varnaraðila þann 13. september 2024 og greiddi 48.990 krónur fyrir. Sóknaraðili vísar til þess að hafa notað hlaupahjólið í nokkur skipti í kjölfar kaupanna og gætt þess sérstaklega að aka því ekki í snjó eða slæmum veðurastæðum. Sóknaraðili hafi síðan dvalið erlendis í um mánaðartíma, frá desember 2024 fram í janúarmánuð 2025. Þegar sóknaraðili hafi ætlað að nota hlaupahjólið aftur hafi það ekki virkað sem skyldi. Hafi sóknaraðili því farið með það til skoðunar á verkstæði varnaraðila þann 13. febrúar 2025. Hafi sú skoðun varnaraðila leitt í ljós að vatn hefði komist inn á hlaupahjólið sem leitt hafi til ryðmyndunar og síðan bilunar í því. Kveðst sóknaraðili hafa reynt að nota hlaupahjólið í kjölfarið en hending hafi ráðið hvort það virkaði eða ekki. Um tveimur vikum síðar hafi hlaupahjólið læsts og villumelding 15 birst á skjá þess. Kveðst sóknaraðili þá hafa leitað aftur á verkstæði varnaraðila með tækni en varnaraðili ekki getað lagfært það. Þá hafi varnaraðili upplýst sóknaraðila að ábyrgð framleiðanda næði ekki yfir tjón af völdum vatns.

Sóknaraðili bendir á að við kaupin hafi hann ekki fengið neinar upplýsingar frá varnaraðila um að ekki mætti nota hlaupahjólið þegar bleyta sé á vegum. Þar sem veðráttan á Íslandi er rýsjótt sé erfitt að komast hjá því að nota hlaupahjólið við

slíkar aðstæður. Loks ber sóknaraðili því við að ef varnaraðili hefði varað hann við framangreindu hefði hann ekki keypt hið umþrætta rafmagnshlaupahjól sem sóknaraðili ætlaði sér að nota til að komast til og frá vinnu.

Sóknaraðili telur að hlaupahjólið hafi verið gallað við kaupin og krefst þess að varnaraðili afhendi sér nýtt slíkt tæki.

Varnaraðili vísar til þess að skoðun á hlaupahjólinu hafi leitt í ljós að það hafi orðið fyrir vatnstjóni sem rekja megi til notkunar sóknaraðila sjálfs en ljóst væri að nokkurt magn af vatni hefði komist inn í hlaupahjólið og legið þar í einhvern tíma. Í þessu sambandi vísar varnaraðili til framlagðrar ljósmyndar sinnar sem sýnir svokallaðan vatnsskynjunarlímmiða sem staðsettur sé á mótur hlaupahjólsins. Að sögn varnaraðila verði sá límmiði rauður ef hann kemst í snertingu við vökva. Af framlögðu myndbandi sóknaraðila megi sjá að stjórnborð hlaupahjólsins sýni villumeldinguna 15 sem merki alla jafnan samskiptaleysi milli mótors og stjórnborðs. Telur varnaraðili að sú bilun sé til komin vegna þess að vatn komst inn á hlaupahjólið hjá sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að ábyrgð framleiðanda hlaupahjólsins nái ekki yfir tjón eða skemmdir af völdum vatns. Þar sem ekki sé um framleiðslugalla að ræða geti varnaraðili ekki aðhafst neitt frekar varðandi umrætt hlaupahjól sóknaraðila.

IV

Lagaumhverfi

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Samkvæmt a. lið 2. mgr. ákvæðisins skal söluhlutur „*henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til*“. Í b. lið 2. mgr. segir svo að söluhlutur skuli „*hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað*“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „*henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]*“.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um tímamark við mat á galla. Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram sú meginregla að við mat á því hvort söluhlutur sé gallaður skuli miða við það tímamark þegar áhætta af söluhlut flyst yfir til neytanda, jafnvel þó gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Í 2. mgr. ákvæðisins er að finna undantekningu frá þessari reglu en þar segir: „*Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildi þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar*“. Ákvæðið hefur þá þýðingu að ef galli kom í ljós innan sex mánaða, þarf seljandi almennt að sanna að gallinn hafi ekki verið fyrir hendi við áhættuflutninginn, í þessu tilviki afhendinguna.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um vanefndaúrræði sem neytandi getur gripið til vegna galla á söluhlut en hann getur m.a. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt 29. gr. og 30. gr., krafist afsláttar samkvæmt 31. gr. og riftunar samkvæmt 32. gr. nkpl.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili keypti rafmagnshlaupahjól af gerðinni [...] af varnaraðila þann 13. september 2024 og greiddi 48.990 krónur fyrir. Í janúar 2025 varð sóknaraðili var við bilun í hlaupahjólinu og þann 13. febrúar 2025 óskaði sóknaraðili eftir því að varnaraðili myndi skoða það sökum þess. Óumdeilt er að vatnstjón varð á hinu umþrætta hlaupahjóli en aðila greinir á um orsök þess að vatn komst inn á það. Sóknaraðili telur að hlaupahjólið hafi verið gallað við kaupin sem varnaraðili beri ábyrgð á og krefst nýrrar afhendingar. Varnaraðili byggir á því tjónið megi rekja til notkunar sóknaraðila sjálfs á hlaupahjólinu og hafnar ábyrgð.

Um sölu varnaraðila á rafmagnshlaupahjólinu til sóknaraðila gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Ákvæði laganna byggja á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins 99/44/EB frá 25. maí 1999, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar ber seljandi ábyrgð á göllum gagnvart neytandanum. Varnaraðili var viðsemjandi sóknaraðila og þar af leiðandi seljandi í þeim viðskiptum sem málið varðar, en ekki framleiðandi hjólsins. Úrlausn málsins fer fram á grundvelli ákvæða laga um neytendakaup en ekki ábyrgðarskilmála framleiðanda umfram kröfu laganna, enda er samkvæmt 1. mgr. 3. gr. óheimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiðir af ákvæðum laganna.

Við kaup á nýjum söluhlut má neytandi gera þá kröfu að hægt sé að nota hlutinn með eðlilegum hætti. Rafmagnshlaupahjól hafa þann tilgang að koma fólki á milli staða utandyra. Að mati kærunefndarinnar verður að gera þá kröfu til söluhlutar sem ætlaður sé til framangreindrar notkunar utandyra á Íslandi að hann þoli íslenskt veðurfar nema seljandi hafi sérstaklega og skýrlega varað kaupanda við öðru. Ekkert hefur verið lagt fram í máli þessu sem bendir til þess að varnaraðili hafi gert þann fyrirvara við kaup sóknaraðila á hlaupahjólinu. Þar sem ekki er ágreiningur um að hlaupahjólið hafi orðið fyrir skemmdum vegna vatns telur kærunefndin að það skorti eiginleika í samræmi sem sóknaraðili mátti vænta við kaupin um endingu í samræmi við b. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. Hjólið teljist því gallað í skilningi a. liðar 1. mgr. 16. gr. nkpl.

Varnaraðili ber sönnunarbyrði fyrir því að hlaupahjólið hafi ekki verið haldið galla við afhendingu samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nkpl. Varnaraðili vísar til þess að hlaupahjólið hafi verið tekið til skoðunar á verkstæði hans í febrúar 2025. Niðurstaða skoðunarinnar hafi verið sú að vatn hafi komist inn í það, líklega legið þar um nokkurn tíma og þannig valdið umræddri bilun. Að sögn varnaraðila falli slíkt vatnstjón ekki undir ábyrgð framleiðanda þar sem það komi til vegna utanaðkomandi þátta og verði ekki rakið til framleiðanda.

Að mati kærunefndarinnar hafa einhliða yfirlýsingar frá eigin verkstæði varnaraðila ekki þýðingu í málinu, en varnaraðili hefði getað axlað sönnunarbyrði sína í þessum efnum með því að láta óháð verkstæði skoða hlaupahjólið. Þá verður ekki talið að umrædd bilun í hlaupahjólinu geti ekki „á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar“ í skilningi 2. málsl. 2. mgr. 18. gr. nkpl. og hefur varnaraðili engin gögn lagt fram sem styðja beitingu umræddrar undantekningarreglu. Þá liggur ekkert fyrir um að notkun sóknaraðila á hlaupahjólinu hafi verið óeðlileg. Með vísan til 2. mgr. 18. gr. nkpl. verður varnaraðili sem seljandi að bera hallann af þeim sönnunarskortum sem uppi er í málinu.

Sóknaraðili hefur krafist þess að varnaraðili afhendi sér nýtt rafmagnshlaupahjól, honum að kostnaðarlausu. Með vísan til alls framangreinds verður fallist

á þá kröfu sóknaraðila. Kærunefndin álitur að sóknaraðili eigi rétt á því að um þá afhendingu fari skv. 29. og 30. gr. nkpl., þ.e. að hin nýja afhending skuli fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir sóknaraðila og innan hæfilegs tíma, sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna.

VI Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, afhendi sóknaraðila, X, samskonar rafmagnshlaupahjól af gerðinni [...] sem hann keypti af varnaraðila þann 13. september 2024.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson